

# Stjórnarfundur FFLS

Þriðjudagur 30. ágúst 2016

Mættir: Þórhallur Jóhannsson, Lárus Arnar Sölvason, Ólöf Kristín Sívertsen, Davíð Ingi Jónsson og Tinna Daníelsdóttir.

## Niðurstöðu Ytra Mats Menntamálastofnunar á Lágafellsskóla

Stuttar umræður voru um skýrslu Menntamálastofnunar sem liggur nú fyrir og munu stjórnarmenn kynna sér hana betur á næstu dögum. Í bréfi sem fylgdi með skýrslunni er óskað eftir því að bæjarstjóri leggi fram tímasetta áætlun fyrir 20. september þar sem kemur fram hvernig brugðist verði við þeim tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslunni. Samþykkt var að óska eftir því að foreldrafélagið fái einnig afrit af þeirri áætlun.

## Fimmtán ára afmælishátíð skólans

Framundan er fimmtán ára afmæli skólans og fyrirhugað er að halda upp á það með einhverjum hætti. Samþykkt var að foreldrafélagið hafi aðkomu að hátíðinni með því að annaðhvort styrkja skólann beint með fjárframlagi sem skólinn ráðstafar til hátíðarinnar eða kaupum á skemmtiatriði á hátíðinni. Samþykkt var að ræða nánar við skólayfirvöld varðandi fyrirkomulag, Þórhallur sendir póst á Jóhönnu til að fylgja eftir.

## Aðalfundur

Rætt var um undirbúning og framkvæmd aðalfundar. Ákveðið var að stefna að því að halda aðalfund þriðjudaginn 20. september kl 20:00 í sal Lágafellsskóla. Einnig var rætt um að fá samhliða aðalfundinum einhvern fyrirlesarar, ýmsar hugmyndir komu fram en ákveðið var að skoða hvort Þórgímur Þráinsson væri laus og mun Ólöf setja sig í samband við hann. Lárus og Tinna munu athuga með veitingar og Þórhallur mun bóka salinn og athuga með fundarstjóra. Einnig var rætt um að auglýsa fundinn vel og mun Davíð m.a. skoða auglýsingar á Facebook.

## Önnur mál:

Önnur mál, rætt var um með hvaða hætti væri hægt að tengja hreyfingu og hollustu inn í fundi vetrarins með bekkjarfulltrúum og verður það skoðað betur í vetur. Einnig var ákveðið að senda fyrirspurn á bæjaryfirvöld varðandi fyrirhugaða skiptingu á gúmmíkurli á sparkvöllum, þ.e. hvenær verður farið í að skipta á þeim völlum sem eru í við Lágafellsskóla og Höfðaberg. Að lokum var rætt um ábyrga notkun á farsímum og reglum tengd notkun þeirra í skólanum, möguleika á að fá kynningu fyrir foreldra sem og vinna með skólayfirvöldum að gerð reglna.